

eigandi sýslunefndir kjósa, sinn manninn hver til 3 ára, eptir þeim reglum, sem amtsráðið fyrirskipar», komi «Stjórn skólans skal falin á hendur jafnmörgum mönnum, sem sýslur þær eru margar, er eiga skólann í samfélagi; kýs hver sýslunefnd sinn mann eptir atkvæðafjölda». Við greinina bætist: «Einn af meðlimum amtsráðsins yfirlíti skólann svo opt, sem því þykir nauðsyn til bera, og bera honum 4 kr. í fæðispeninga um daginn og sanngjarnt endurgjald ferðakostnaðar að auk.»

Við 6. gr. 4. lið. Orðin «og hreppstjóra» falli burt.

Við 9. og 10. gr. Í 9. gr. eru 12 námsgreinir taldar og í 10. gr. (sbr. 17. gr.) er byggt á því, að námstími pilta sje 2 ár. Eptir þessu hvorutveggja getur skólinn ekki komið af með minna en 2 kennara innanhúss og hinn 3. kennara utanhúss, ef tilsógn í verklegri gripahirðingu, einkum fjárhirðingu utan húss og innan á að vera meira en nafnið eintómt.

Við 11. gr. Vinna píltsins vor, sumar og haust mun verða að meðaltali, auk fæðis, 170 kr. virði, og með 50 kr. meðlagi samtals 220 kr. Meðgjöf þessi, sem nemur hjer um bil 1 kr. hinn árstímann, virðist amtsráðinu því að eins hæfileg, að næg kennsla veitist piltinum samkvæmt athugasemdinni við 9. og 10. gr.

Við 18. gr. Orðin: «Ef einhver piltur fær minna en 3 eða laklega að aðaleinkunn við burtfararprófið, verður eigi álitid að hann hafi staðizt það», falli úr.

Við 19. gr. Niðurlagsorðin «er auglýsi skýrslu þessa á prenti», falli niður.

Við 20. gr. Í stað orðanna: «er lætur prenta ágrip af reikningnum», komi «er hlutast til þess, að ágrip af reikningnum verði prentað í stjórnartíðindunum».

Með þessu álitinu, sem skráð er að framan, ályktaði amtsráðið að senda landshöfðingja málið.

Fleiri mál komu eigi til umræðu á þessum fundi og var svo fundi slitið.

Akureyri 29. dag júním. 1883.

J. Havsteen,
settur.

Brjef landshöfðingja til póstmeistarans í Reykjavík, um brjefspjaldasendingar með borguðu svari. — Yfirstjórn póst- og telegrafmálanna hefur 9. júní þ. á. skrifað ráðgjafanum fyrir Ísland á þessa leið:

«Í sambandi við brjef hjeðan 25. apríl þ. á. skal eigi látið hjálíða að tilkynna yður að nú er það afráðið, að Danmörk og nýlendurnar í Vesturindíum frá 1. júlí þ. á. skiptist á brjefspjöldum með borguðu svari við lönd þau, er nú gjöra þetta sín á milli, þó með þeim mismun, að því er snertir nýlendurnar og Ísland, að á póststofunum þar verður fyrst um sinn þangað til brjefspjöld hafa gjörð verið handa þeim, og búumst vjer við nánari tilkynningu um hvenær það er orðið, aðeins veitt móttaka slíkum brjefspjöldum og spjöldin með svarinu síðan látin fara aptur.

Lönd þau, sem skiptast má á við brjefspjöldum með borguðu svari, eru þau sem hjer greinir:

Þjóðveldið Argentina.

Belgia.

Hinar brezku póststofur á Malta.

— — — í Gibraltar.

— — — í Tanger.

96
4 sept.

Hinar brezku póststofur í Konstantínopel.

— — — í Smyrna.

— — — í Beyruth.

Barbados (brezk nýlenda).

Bahamaeyjar (brezk nýlenda), frá 1. ókt. p. á.

Costa-Rica.

Porto-Rico (spánversk nýlenda).

Cuba (spánversk nýlenda).

Portúgal.

Columbia.

Rumænía.

Frakkland og Algier.

Serbia.

Hayti (þjóðveldið San Domingo).

Svíþjóð.

Honduras.

Svíssaraland.

Ítalía.

Spánn.

Luxemburg.

Bretland hið mikla og Írland.

Holland.

Þýskaland.

Nýlendur Hollendinga í Vesturindíum.

Tyrkland.

Do. do. í Austurindíum.

Uruguay.

Noregur.

Austurríki og Ungaraland.

Paraguay.

Auk þess má senda brjefspjöld með borguðu svari til þeirra landa, er nú koma, en sem eigi gefa út slík brjefspjöld.

Chili.

Þjóðveldið Líbería.

Persaland.

Sá hluti Guyana sem Hollendingar eiga.

Nýlendur Portúgals.

Salvador.

Brjefspjaldasendingar með borguðu svari geta komist á milli Danmerkur og Íslands, þegar er vjer fáum tilkynningu, er vjer báðum um í brjefi 25. apríl p. á., um hvort nokkuð væri ráðstöfun þeirri til fyrirstöðu af hálfu hinnar íslensku póststjórnar.

Jafnframt því að tjá hinu heiðraða stjórnarráði það er að framan er skráð, skal þess beiðst, að annast verði um birtingu þess fyrir hinni íslensku póststjórn.»

Þetta undanfelli jeg eigi hjer með þjónustusamlega að gefa yður til vitundar, herra póstmeistari, yður til leiðbeiningar, um leið og jeg bæti því við, að jeg hef síðan fengið tilkynningu frá ráðgjafanum um, að brjefspjalda sendingum frá Danmörku til Íslands með borguðu svari hafi verið veitt móttaka frá 1. júlí p. á. og að ráðstöfun hafi verið gjörð til þess, að búin yrðu til þesskonar brjefspjöld, sem hjer ræðir um, af þrenns konar tagi, til sendingar frá Íslandi til utanríkislanda, frá Íslandi til Danmerkur og innanlands með póstum.

EMBÆTTISSKIPUN.

3. septbr. var prestinum sjera Einari Vigfússyni veitt Fjallaþingaprestakall í Norðurþing-eyjarprófastsdæmi.

ÓVEITT PRESTAKÖLL.

Hof og Miklibær í Óslandshlíð í Skagafjarðarprófastsdæmi. Þetta prestakall fær árlega af Eirichsens Collectu-sjóði 132 kr. Metið þessutan 822 kr. 29 a. Auglýst 3. sept. 1883.

Brjánslækur í Barðastrandarprófastsdæmi. Tillag úr landssjóði 200 kr Metið þessutan 625 kr. 45 a. Auglýst 4. sept. 1883.